

REGLUR

um breytingu á reglum um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri, nr. 1010/2016.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. Síðari málsliður 3. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðsins „framgangsnefnd“ í 4. mgr. kemur: dómnefnd.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. Í 1. mgr. bætast við orðin: á sérstöku eyðublaði.
- b. Í 2. mgr. falla orðin „hjá Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (SRHA)“ brott. Í stað orðanna „SRHA“ fjórum sinnum kemur: stjórnsýsla rannsókna.

3. gr.

5. gr. reglnanna orðast svo:

Dómnefnd metur umsóknir um framgang á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og ákvæða 6. gr. reglna þessara, 19. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 og sérreglna fræðasviða um framgang. Dómnefnd gerir á grundvelli þess mats tillögu til rektors um hvort veita beri framgang.

Dómnefnd tekur ákvarðanir í krafti meirihluta atkvæða nefndarmanna í máli en falli atkvæði um ákvörðun jöfn skal formaður skera úr og ræður atkvæði hans þá lyktum máls.

Ef það er niðurstaða dómnefndar að ekki beri að veita framgang skal hún rökstyðja þá niðurstöðu sína sérstaklega og veita umsækjanda allt að 14 daga andmælarétt.

Álit dómnefndar Háskólans á Akureyri skal berast rektor eigi síðar en 30. apríl.

4. gr.

Í stað orðsins „framgangsnefnd“ í 8. gr. reglnanna kemur: dómnefnd.

5. gr.

Í stað orðsins „framgangsnefnd“ í 9. gr. reglnanna kemur: dómnefnd.

6. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði, eru settar með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum, sbr. einnig 20. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009, öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 25. júní 2020.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfud.: 12. ágúst 2020